

Akureyri, 09.10.2019

Til stjórnar Akureyrarstofu

Stjórn Myndlistarfélagsins óskar hér með eftir því að síðari helmingur rekstrarstyrks fyrir árið 2019 verði greiddur félaginu sem fyrst.

Fjárhagsstaða félagsins er sem stendur afar knöpp. Rekstrarstyrkurinn er forsenda þess að félaginu sé unnt að borga leigu fyrir húsnæði félagsins og því með öllu ófært að greiðsla styrksins dragist fram í desember.

Nú hefur Myndlistarfélagið rekið salinn og greitt leigu í rétt um ár. Það verður að segjast eins og er að það reynist félaginu erfitt að standa undir svo háum leigugreiðslum. Því er það ósk okkar að tekið verði til skoðunar að hækka rekstrarstyrk félagsins svo að sá styrkur dugi fyrir leigugreiðslum. Eins og staðan er núna fara árgjöld félagsmanna að öllu leiti upp í leiguna og því er ekkert svigrúm til að bjóða uppá innra starf fyrir félagsmenn, eins og fyrirlestra, námskeiðshald og þess háttar. Við höfum tekið þá ákvörðun að stilla leigu á sýningarsal í hof, í þeim tilgangi að fleiri sjái sér fært að nýta salinn og það er okkar tilfinning að aðsóknin myndi minnka ef gjaldið yrði hækkað og því myndu tekjurnar ekki aukast sem neinu nemi.

Við höfum lagt metnað okkar í að standa við gerða samninga hvað varðar hafa stöðuga listviðburði í salnum og taka virkan þátt í viðburðum og hátíðum á vegum bæjarins. Öll sú vinna er sjálfboðavinna stjórnar og félagsmanna sem okkur er ljúft að inna af hendi til að auðga og efla lista- og menningarlíf í bænum okkar. Við vonum að framlag okkar sé metið að verðleikum og styrkveitingin verði hækkuð svo félagið geti haldið áfram sínu starfi og jafnframt eft innra starf.

-Með vinsemd og virðingu
Stjórn Myndlistarfélagsins